

Ed.

479. Nefndarálit

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 57, 22. nóv. 1907 um vegi. Þingskj. 300 [Stykkishv.].

Frumvarp þetta breytir ákvæðum vegalaganna 22. nóv. 1907, um viðhald Stykkishólmsvegarins. Í lögnum er þessi vegur tekinn í tölu þjóðvega 3. gr. 18. tölul., og í 16. gr. þeirra er svo ákveðið, að akfærum köflum á þjóðvegum, er ná til kaupsins eða flutningabrautar, ef álíta má, að þeir komi hjeraðinu að notum til flutninga, skuli haldið við af hlutaðeigandi sýslufjelögum, en samkvæmt 14. gr., kostar landssjóður þjóðvegina, þar sem þeir ekki eru gerðir akfærir, með vegarúðningi og brúargerðum og bótum á öðrum torfærum. Nú er svo um þennan þjóðveg, að hann mun á löngum köflum ekki gerður akfær, og sýslufjelögnum því óskýlt að halda honum við að því leyti. Samt sem áður er svo ákveðið í 18. gr. vegalaganna, að hlutaðeigandi sýslufjelög skuli kosta viðhald hans undantekningarlaust; kemur þannig fram misrjetti gagnvart þessum sýslufjelögum. Úr þessu bætir frumvarpið með því að fella úr 18. gr. þessa viðhaldsskyldu sýslufjelaganna og telur nefndin þá breytingu sanngjarna og sjálfsagða; ræður hún háttv. deild því til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi 20. ágúst 1915.

Jósef Björnsson,
form.

Sigurður Stefánsson,
skrifari og framsögum.

Kristinn Daníelsson.